

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 80/1991. **Lúðvík Gizurarson**

gegn

setuskiptaráðandanum í Rangárvallasýslu

f.h. dánarbús Ólafs Bergsteinssonar,

Bergsteini Gizurarsyni,

Sigurði Gizurarsyni og

Sigríði Gizurardóttur.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. sama mánaðar. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 15. nóvember 1990. Málið var þingfest í Hæstarétti 8. apríl 1991 og var þá frestað til októbermánaðar 1991. Er málið var tekið fyrir 2. október sl., var af hálfu áfrýjanda óskað eftir fresti til nóvembermánaðar. Af hálfu stefnda, setuskiptaráðandans í Rangárvallasýslu, var synjað um frest og þess krafist, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi vísar til þess í greinargerð sinni, að með gerðardóms-samningi aðila hafi ákveðin atriði, sem varða flókin fjárviðskipti, verið tekin út úr skiptaréttinum, og hafi gerðardómur ekki lokið störfum. Hafi verið ætlunin að leggja niðurstöður hans fram í þessu máli, til þess að Hæstiréttur gæti „á breiðum grundvelli og með réttum upplýsingum dæmt í málinu“. Muni áfrýjandi hafa dómsgerðir tilbúnar um næstu mánaðamót. Kveður hann önnur stefndu í málinu vera samþykkt fresti.

Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að áfrýjandi hafi ekki sýnt neina tilburði í þá átt að reka mál sitt fyrir Hæstarétti, eftir að málið var þingfest þar 8. apríl sl., og hafi hann enn ekki óskað eftir því, að dómsgerðir verði útbúnar. Vísar hann og til þess, að skiptaráðanda beri að halda „tilhlýðilega áfram skiptum á búi“, sbr. 97. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Pótt liðnir séu rúmlega 7 mánuðir frá útgáfu áfrýjunarstefnu og

telja verði, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, þykir engu að síður rétt að veita honum frest til 1. nóvember 1991.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til 1. nóvember 1991.

Úrskurður fúgetaréttar Rangárvallasýslu 16. september 1991.

Í máli þessu hefur Lúdvík Gizurarson, kt. 060332-3479, krafist þess, að lögbann verði lagt á fyrirhugaðan fund í Veidifélagi Rangæinga í Laufafelli, Hellu, mánudaginn 16. sept. nk. kl. (sic). Veidifélag Rangæinga hefur krafist, að synjað verði um umbeðna lögbannsgerð, og málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda samkvæmt mati réttarins að viðbættum virðisauka-skatti.

Málið var tekið til úrskurðar eftir munnlegan málflutning 14. sept. sl.

Gerðarbeiðandi segir í gerðarbeiðni sinni, að gerðarþoli hafi auglýst áðurgreindan fund í Veidifélagi Rangæinga í Ríkisútvarpinu að kvöldi 11. þessa mánaðar, en skv. 2. tl. 56. gr. laxveiðilaga beri að auglýsa fund með minnst viku fyrirvara. Einnig starfi félagið ólöglega og geti ekki bundið félagsmenn sína í einu eða neinu.

Gerðarþoli reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að skilyrðum laga um lögbann sé hvergi nærri fullnægt í þessu tilviki. Skilyrði lögbanns skv. 26. gr. laga nr. 18/1949 séu þau, að athöfn, sem á að banna, sé ólögmæt og raski rétti gerðarbeiðanda, en ekki hafi gerðarbeiðandi sýnt fram á, hvaða rétti hans væri raskað með því að halda fund í veiðifélaginu. Hann sé félagsmaður og geti sótt fundinn og haft uppi mótbárur við ákvörðunum fundarins á honum.

Í öðru lagi er byggt á því, að samkvæmt stjórnarskrá sé fundafrelsi tryggt og ekki sé því hægt að banna mönnum að koma saman með fúgetagerð, enda séu engar yfirvofandi ólögmætar og refsiverðar athafnir, er þar fari fram.

Í þriðja lagi segir gerðarþoli, að ekki verði séð, hvernig boðun fundar geti falið í sér réttarbrott gagnvart gerðarbeiðanda.

Telja verður, að gerðarbeiðandi hafi hvergi nærri sýnt fram á yfirvofandi réttarskerðingu, verði fundur þessi haldinn. Ekki hefur gerðarbeiðandi heldur sýnt fram á, hvaða hagsmunum hans sé raskað með því, að fundurinn sé haldinn, enda verður að tiltaka það ákveðið, hvaða athafnir á að banna. Í fúgetamáli þessu verður ekki úr því skorið, hvort fyrirhugaður fundur hafi verið réttilega auglýstur eða ekki. Ekki verður heldur úr því skorið, hvort starfsemi Veiðifélags Rangæinga sé ólögmæt eða ekki. Telja

verður, að réttarvernd gerðarbeiðanda sé nægilega tryggð fyrir öðrum stjórnvaldsleiðum og/eða dómstólum. Verði því að synja um hið umbeðna lögbann.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 20.000 í málskostnað.

Úrskurð þennan kvað upp Harri Ormarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er um framgang hins umbeðna lögbanns.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 20.000 í málskostnað.
